

30. fundur

12. október 2017

1002007SA BOH

Málalykill: 524

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Skólastjórafélags Íslands**

30. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands var haldinn fimmtudaginn 12. október 2017 og hófst hann kl. 11:00. Fundurinn er sameiginlegur fundur samstarfsnefnda FG og SÍ.

Fundinn sátu: Svanhildur María Ólafsdóttir, Magnús Þór Jónsson f.h. SÍ. Ólafur Loftson f.h. FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Erindi stjórnar Vonarsjóðs til samningsaðila, SNS, FG og SÍ, dags. 3. júlí 2017.

Samkvæmt ákvörðun samningsaðila var ákveðið að vísa erindi sjóðsstjórnar til sameiginlegs fundar samstarfsnefnda Skólastjórafélags Íslands og Félags grunnskólakennara.

Málið rætt. Bjarna Ómari falið að kalla eftir nánari upplýsingum frá stjórn Vonarsjóðs um aðdraganda þessa erindis.

2. Viðmið vegna ferðakostnaðar innanlands.

Við endurskoðun á samþykktum og reglum Vonarsjóðs s.l. vor gleymdist innfærsla á viðmiði um að ef fjarlægð til námskeiðsstaðar er 100 km eða meira geti félagsmenn sótt um styrk vegna ferðakostnaðar.

Niðurstaða:

Félagsmenn geta sótt um styrk vegna ferðakostnaðar og viðmiðið er áfram að fjarlægð til námskeiðsstaðar sé 100 km eða meira.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.